

Svar

**heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Nönnu Margréti Gunnlaugsdóttur
um kostnað vegna þeirra sem nota þjónustu bráðamóttökunnar
og Læknavaktarinnar.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvernig skiptist fjöldi þeirra sem nýttu annars vegar þjónustu bráðamóttökunnar í Foss-
vogi og við Hringbraut og hins vegar þjónustu Læknavaktarinnar árin 2022–2024 eftir*

- a. íslenskum ríkisborgurum,*
- b. erlendum ferðamönnum,*
- c. erlendu vinnuafli,*
- d. hælisleitendum,*
- e. aðilum sem hafa fengið alþjóðlega vernd á Íslandi,*
- f. öðrum?*

*Hver var kostnaður við þjónustu við hvern þessara hópa á hverjum stað á sama árabili?
Hverjar voru tekjur bráðamóttökunnar á sama árabili?*

Sjúklingar eru flokkaðir í sjúkratryggða og ósjúkratryggða í sjúkraskrárkerfum Land-
spítala og Læknavaktar.

Ósjúkratryggðir eru ekki flokkaðir í þá undirflokka sem óskað er eftir en þeir geta verið
íslenskir ríkisborgarar sem búsettir eru erlendis, erlendir ferðamenn eða umsækjendur um
alþjóðlega vernd. Af þeim sökum er ekki unnt að svara fyrirspurninni frekar.